

SJÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

864. tbl - 19. árg.

14. febrúar 2019



Líf og fjör á 1-1-2 deginum

112 dagurinn var haldinn um allt land á mánudaginn og var sjónum beint að öryggismálum heimilisins að þessu sinni og því hvernig draga má úr hættu á slysum og öðrum áföllum á heimilum og viðbrögðum við þessháttar atvikum. Viðbragðsaðilar í Snæfellsbæ héldu að sjálfsgöðu daginn hátíðlegan. Hófst hátíðarhöldin á því að bílalest viðbragðsaðila fór frá Slökkvistöðinni í Ólafsvík með sírenum og ljósum. Ók bílalestin um götur bæði í Ólafsvík, Hellisandi og á Rifi þar sem endað var í Björgunarstöðinni Von. Þar buðu slysavarnardeildirnar Helga Bárðardóttir og Sumargjöf upp á kaffi, svaða, súkkulaði og smartís. Snæfellsbæjardeild Rauða krossins var með neyðarvarnarkerruna til sýnis ásamt því að hægt var að skoða bíla viðbragðsaðila og prófa klifurvegginn vinsæla.

Við þetta tækifæri tilkynnti Svanur Tómasson slökkviliðsstjóri



hver hefði hlotið viðurkenningu fyrir eldvarnargetraun sem Landsamband slökkviliðsmanna og sjúkraflutningamanna stendur fyrir í desember á hverju ári. Að

þessu sinni var það Freyja Elísabet nemandi í 3. bekk Grunnskóla

Snæfellsbæjar sem hlaut viðurkenningu.

þa



**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Gáfu rassapotur



Landsbanki Íslands færði í síðustu viku öllum starfsstöðvum Grunnskóla Snæfellsbæjar og leikskólunum í Snæfellsbæ rassapotur sem munu koma að góðum notum fyrir börnin í snjónum. Einnig færði bankinn leik og grunnskólanum í Grundarfirði samskonar rassa-

potur. Það voru þær Þórhalla Baldursdóttir útibússtjóri og Olga Guðrún Gunnarsdóttir sem afhentu rassapoturnar.

Á myndinni taka þær Linda Rut Svansdóttir og Jófríður Magnúsdóttir deildarstjórar við þotunum í leikskólanum Krúnbóli.

þa

Þorrablót í Röstinni

Lionsklúbbur Nesþinga, Lionsklúbburinn Þernan og Kvenfélag Hellissands stóðu fyrir Þorrablótí Neshrepps utan Ennis í félagsheimilinu Röst á Hellissandi á síðasta laugardag. Blótið var vel sótt og seldust 133 miðar á blótið þar sem saman voru komnir bæði heimamenn og brottfluttir. Sker veitingahús sá um að galdra fram þorrakræsingar sem voru bæði bragðgóðar og vel úti látnar. Halldór Kristinsson sá um veislustjórn, flutti Drífa Skúladóttir minni karla og Davíð Óli Axelsson minni kvenna. Vöktu þau öll mikla lukku.

Skemmtiatriðin voru heldur ekki afverri endanum og nefndar-fólk búið að leggja á sig mikla vinnu bæði við æfingar og að semja atriðin. Einkendust þau mörg af söng þar sem búið var að semja skemmtilega texta um hina ýmsu atburði liðins árs. Vöktu



þau mikla kátínu og greinilegt að leikarar voru búnir að stúdera hlutverk sín mjög vel. Það var svo hljómsveit Matta Matt og Tomma Tomm sem sá um fjörið á dansleiknum fram eftir nóttu.

Á Lýsuhóli verður svo þorrablót þann 23. febrúar og má búast við góðri skemmtun þar eins og ávinlega.

þa

ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



Messa og sunnudagaskóli

verður á sunnudag í Ólafsvíkirkirkju.
Biblíudagsmessa með altarisgöngu kl. 14.
Sunnudagaskólinn kl. 11. Örfá skipti, ekki missa af.



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífi. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Sjóvörn við Marbakka



Í síðasta tölublaði Jökuls var fjallað um sjóvarnir í Ólafsvík, Hellissandi og Hellnum, í Staðarsveit er einnig unnið við sjóvarnir en það er við Marbakka. Marbakki er í landi Barðastaða í Staðarsveit, eins og nafnið gefur til kynna þá er húsið nánast á sjávarbakkanum og undanfarin

ár hefur sjórinn brotið mikið land á þessum slóðum, í desember var lokið við u.þ.b. 55 metra langa sjóvörn sem mun koma í veg fyrir að húsið verði sjónum að bráð. B. Vigfússon ehf. var verktaki við framkvæmdina sem þykir hafa tekist mjög vel.

Skilaboð Skólapingis Grunnskóla Snæfellsbæjar:

Sterk sjálfsmynd og jákvæð viðhorf eru besta vegarnestið út í lífið

„Hvaða eiginleikum og hæfni viljum við að nemendur sem útskrifast úr Grunnskóla Snæfellsbæjar búi yfir?“ Þessi spurning var rædd í þaula á Skólapingi sem Grunnskólinn bauð til síðastliðinn miðvikudag, 6. febrúar. Þátttaka var mjög góð og umræður líflegar. Yfir 80 manns mættu á þingið, fólk á öllum aldri úr öllu sveitarfélaginu.

Að byggja upp persónulegan styrk og rækta jákvæð viðhorf er það sem skiptir mestu máli samkvæmt þátttakendum. Sjálfstraust, sjálföruggi og sjálfstæði komu fyrir aftur og aftur í niðurstöðum hópa. Einnig að leggja áherslu á jákvæð viðhorf, metnað og vera óhrædd við að gera mistök. Samskipti og félagsfærni voru einnig ofarlega á blaði.

Hilmar Már Arason, skólastjóri, setti þingið og sagði m.a.: „Eitt af markmiðum menntunar er að undirbúa nemendur fyrir framtíðina. Okkur er sagt að þróunin í tæknimálum verði mun hraðari næstu ár eða áratugi en síðustu ár og áratugi. Verkefni mannkyns verða stærri og flóknari t.d. hvað varðar umhverfismál og mannlutninga. Engin ástæða er til að fyllast bölmóði heldur horfa björtum augum fram á veginn og takast á við þau verkefni sem bíða. Öll getum við haft áhrif með afstöðu okkar og hegðun. Menntun næstu kynslóðar skiptir þar miklu máli.“

Fyrir þingið ræddu nemendur 5. – 10. bekkjar um hvað þeim fyndist vel gert í skólastarfinu og hvað mætti gera betur. Tveir nemendur kynntu niðurstöður þeirrar vinnuviðgóðarundirtektir.



Margir nemendur lýstu ánægju sinni með starfsfólkið og matinn, svo dæmi séu tekin, en ýmsir áttu sér óskir um fjölbreyttari verkefni og fleiri sófa. Skiptar skoðanir voru um símalausa daga, sumir nemendur vildu fjölga þeim, en aðrir fækka.

Undir lok þingsins voru þátttakendur beðnir um að leyfa sér að hugsa rækilega út fyrir kassann og stinga upp á „villtum“ hugmyndum. Þær voru af ýmsu tagi, t.d. draumur um húsnæði með færanlegum veggjum, jóga- og hugleiðsluadstaða og að dýr og annað yrði hluti af skólanum.

Virk þátttaka nemenda setti skemmtilegan svip á þingið allt frá því að skólakórinn söng í upphafi til kynningar á vinnu inni í bekkjum og síðast en ekki síst þátttaka þeirra sem sátu í vinnuhópum, ýmist með jafn-



öldrum eða með fullorðnum. Þeir líkt og aðrir, áttu margar frábærar hugmyndir sem munu geta eftir starfið í Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Nú vinnur ILDI, sem hafði umsjón með þinginu, að samantekt um skilaboð þingsins og

verður hún birt á vefsíðu skólans auk þess sem sagt verður nánar frá hér. Það verður svo í höndum skólaráðs, ásamt einum fulltrúa úr bæjarstjórn, að skoða, vega og meta hugmyndir og ábendingar frá þinginu og endurskoða skólanámskrá og starfsáætlun.

Ólafsvíkurvaka verður 4.-7. júlí

Í síðasta tölublaði Jökuls var því haldið fram að Ólafsvíkurvaka verði haldin dagana 28. – 29. júní nk. var það byggt á upplýsingum af Facebook síðu hverfa sem munu halda utan um hátíðina í ár, einnig hafði þetta komið fram á heimasíðu Snæfellsbæjar. Daginn sem Jökull var í prentun var hinsvegar ákveðið að breyta

dagsetningunni til 4. - 7. júlí en það er jafnframt fyrsta helgin í júlí, þá helgi hefur Ólafsvíkurvakann verið undanfarin ár.

Útgefandi Jökuls biðst afsökunar á þessum ruglingi og vonar að bæjarbúar skemmti sér konunglega á Ólafsvíkurvöku dagana 4. - 7. júlí í sumar.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Kúttmagakvöld

Lionsklúbbs Grundarfjarðar
í FSN laugardagskvöldið 23. febrúar

Fjáröflun fyrir

DVALAR OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ

Fellaskjöl

Húsið opnar 19.00 - borðhald hefst 20.00

Miðaverð: 4.500,- kr.

Skráning: kuttmagi@gmail.com eða hjá Maríu Ósk í síma 867 0670

Leiðsögumenn óskast!

Summit Adventure Guides leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingum til að leiðsegja í Vatnshelli.

Heilsársstarf og sumarstörf í boði.

Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði.

Umsóknarfrestur til og með 10. mars 2019.

Umsóknir ásamt ferilskrám sendist á aegir@summitguides.is

